

114

7. maí

13. gr.

Gjalddagi vatnsskattsins er 1. apríl ár hvert. Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

14. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfi-vélar í samband við hana, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að 1000 kr., nema þyngri refsing liggi við. Með mál út af brotum á reglugerðinni skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. maí 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

115

8. maí

REGLUGERÐ

um breyting og framlenging á gildi reglugerðar nr. 44/1951, um söluskatt.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar nr. 44/1951, um söluskatt, skulu gilda árið 1952, með þeim breytingum, sem greinir í 2.—5. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað ártalsins „1951“ á tveim stöðum í 1. gr. reglugerðar nr. 44/1951 komi á sömu stöðum ártalið 1952.

3. gr.

Úr 3. gr. reglugerðar nr. 44/1951 skal falla niður „sellófanpappír“, sem telst til nr. 21a í 44. kafla tollskrár, og skip 250 tonn og stærri, sem teljast til nr. 2 í 76. kafla.

Eftirtalдар vörutegundir skulu bætast við upptalninguna í 3. gr.:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

9	16a	Síldarkrydd, blandað.
44	11	Dagblaðapappír.
71	25	Málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt og með áletrun, sem ber það með sér, að þær séu ætlaðar utan um íslenskar afurðir til útflutnings.
75	3	Snjóþífreiðar.
76	2—3	Skip og bátar 10 tonn og stærri.

Tollskrá:

Kafli. Nr.

115

8. maí

82 8 Umbúðablöð úr tilbúnum mótanlegum efnum, ólituð, einnig áletruð, ef áletrunin ber það með sér, að þau séu ætluð utan um íslenskar afurðir til útflutnings.

Í stað orðanna „sem vegur 40—75 g/m²“, sem tilgreind eru við hvítan pergamentpappír, sem talinn er í 3. gr. og telst til nr. 17 í 44. kafla tollskrár, komi orðin: sem vegur allt að 100 g/m².

4. gr.

A-liður 6. gr. reglugerðar nr. 44/1951 orðist svo:

1. Heildsala, en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu.
2. Umboðspóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum.

Aftan við C-lið 6. gr. bætast nýir liðir, svo hljóðandi:

17. Framleiðsla vara úr kjöti að því leyti, að iðnaðarfyrirtæki, sem notað hefur kjöt í framleiðslu sína, er heimilt við framtal til söluskatts að draga frá söluverði kjötvarningsins innkaupsverð kjötsins. Undanþága þessi tekur ekki til veitinga, tilbúins matar og matrétta, hvort sem matreitt er eða selt á veitingastöðum, í verzlunum eða annars staðar, eða til sölu eða framleiðslu smurðs brauðs með kjötáleggi eða þess háttar.
18. Frysting, geymsla og reyking á kjöti og fiski.
19. Slátrun búfjár.

5. gr.

Við a-lið 1. málsg. 7. gr. reglugerðar nr. 44/1951 bætist:

Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðspóknun hans.

Í stað orðanna „án frádráttar nokkurs kostnaðar“ í 2. málsl. 2. málsg. 7. gr. komi: án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, sem verið er að greiða og halda eftir.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 100/1948, með breytingum, sem leiða af lögum nr. 112/1950 og nr. 107/1951, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 8. maí 1952.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

REGLUGERÐ

um sölu áfengis til lækninga.

116

13. maí

1. gr.

Áfengi, áfengi til lyfja og áfengislyf.

Áfengi er, samkvæmt reglugerð þessari, vínandi (æthylalkóhól) óblandaður og blandaður öðrum efnum og í hvers konar þynningum, ef styrkleiki hans nemur meiru en 2¼% að rúmmáli.

Áfengi til lyfja eru þær tegundir vínanda, sem greindar eru í gildandi lyfjaskrá. Þ. e. Alcohol absolutus, Ph. D., Spiritus alcoholisatus, Ph. D., Spiritus concentratus, Ph. D., og Spiritus dilutus, Ph. D.

Áfengislyf eru hvers konar blöndur, sem hafa inni að halda vínanda eða vín,